

Nr. 1019

28. nóvember 2012

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Dalsbrautar sunnan Þingvallastrætis og nágrenni.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 6. nóvember 2012 í samræmi við 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Dalsbraut sunnan Þingvallastrætis og nágrenni.

Svæðið sem deiliskipulagið nær til er götustæði Dalsbrautar frá Þingvallastræti í norðri að Miðhúsabraud í suðri ásamt nokkrum fullbyggðum íbúðasvæðum sem liggja að götustæðinu.

Með úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála var norðurhluti skipulagsins, frá Skógarlundi að Þingvallastræti, felldur úr gildi þar sem ósamræmi var milli deiliskipulagsins og gildandi aðalskipulags. Nú hefur aðalskipulagi verið breytt.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að norðurhluti skipulagssvæðisins, frá Skógarlundi að Þingvallastræti, tekur gildi og verður hluti af skipulagsgögnum. Þar er m.a. gert ráð fyrir tengibrautinni Dalsbraut, göngu- og hjólfreiðastígum og eru byggingarreitir og nýtingarhlutfall skilgreint fyrir allar lóðir innan svæðisins. Önnur breyting er gerð á suðurhluta skipulagssvæðisins, en þar eru hljóðmanir meðfram Dalsbraut beggja vegna lengdar til suðurs.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarkaupstaðar, 28. nóvember 2012,*

**Anna Bragadóttir**, verkefnastjóri skipulagsmála.

---

B-deild – Útgáfud.: 30. nóvember 2012